um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp um loðdýrarækt var flutt tvö ár í röð á þingunum 1964 og 1965, en náði ekki fram að ganga. Nú er málið enn komið fyrir nýkjörið þing, en allar ástæður til gætni hinar sömu og fyrr.

Loðdýrarækt er ekki nýr atvinnuvegur á Íslandi. Minkaeldi var stundað hér um tveggja áratuga skeið og hefur því verið þrautreynt við íslenzkar aðstæður. Voru minkabú oft rekin með tapi, en gjaldeyristekjur af þeim urðu litlar. Þegar minkaeldi var bannað af Alþingi 1951, voru aðeins 7 bú starfandi í landinu.

Í stað auðfengins gróða, sem menn gerðu sér þá eins og nú miklar vonir um, hlaut þjóðin hina verstu landplágu — villiminkinn. Þarf ekki að orðlengja um það tjón, sem hann hefur valdið á náttúru landsins og hlunnindum.

Nefndin ræddi frv. og fékk á sinn fund Svein Einarsson veiðistjóra. Hann staðfesti, að villiminkurinn hegðaði sér enn sem fyrr og veiddi án tillits til þarfar. Væri eytt 2500—3500 dýrum á ári, en útbreiðsla minksins enn að aukast.

**Þá fékk nefndin á sinn fund fulltrúa Loðdýrs h/f, félags, sem stofnað hefur verið til að reka minkabú, ef frv. verður að lögum. Sýndu þeir myndir af fyrirhuguðum minkagarði, útskýrðu og veittu ýmsar upplýsingar. Þó virtust áætlanir allar og hugmyndir um stofnkostnað og hugsanlegan rekstur vera næsta lausar í reipum.**

**Í sambandi við frv. er ástæða til að benda á nokkur atriði varðandi það:**

1. **Það virðist almennt viðurkennt, að alltaf megi búast við, að minkur sleppi úr haldi, hversu vel sem reynt er að búa um minkagarða.**
2. **Undirbúningur undir minkarækt, ef leyfð verður, er mjög takmarkaður, og liggja ekki fyrir gögn eða áætlanir, sem gefa rökstudda ástæðu til að ætla, að um mikinn gróðaveg eða blómlegan atvinnuveg verði að ræða.**
3. **Frv. er styttra, efnisminna og óljósara en gömul lög um sama efni. Það leggur raunverulega allt vald í þessum málum í hendur ráðherra og embættismönnum. Þingmönnum er ætlað að treysta algerlega reglugerðum, sem þeir hafa ekki séð, enda drög að þeim ekki til.**
4. **Engar kröfur eru í frv. gerðar til sérþekkingar, sem þó skiptir augljóslega miklu máli.**
5. **Óljóst er, hvaða ákvæði eigi að gilda um innflutning lifandi loðdýra. Um það er ekki orð í frv.**
6. **Flutningsmenn forðast að nefna mink á nafn, þótt innflutningur hans sé aðaltilgangur frv. Hann er ekki nefndur fyrr en í bráðabirgðaákvæði aftan við frv.**
7. **Frv. mundi, ef að lögum yrði, opna leið fyrir ræktun nýrra loðdýrategunda, sem ekki eru til í landinu. Virðist óvarlegt, að ekki sé meira sagt, að hafa ekki um slíkt mál ýtarlegri og nákvæmari lög en þetta frv.**
8. **Andstaða náttúruverndaraðila gegn frv. er nú enn sterkari en fyrir tveim árum. Með þjóðinni er vaxandi áhugi á náttúruvernd, sérstaklega um allt, er það varðar að forðast frekari skemmdir í íslenzkri náttúru.**

**Með tilliti til þessara atriða leggjum við til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. febr. 1968.

Benedikt Gröndal, frsm. Pálmi Jónsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson.